

# Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

## SUNDSTRÆTI - ÓVERULEG BREYTING

### GREINARGERÐ

#### Inngangur

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 2. mgr. 36. greinar skipulaga nr. 123/2010 og telst hún því óveruleg. Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdrætti. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31. mars 2010.

Breytingin er tvíþætt. Annars vegar er gerð breyting á uppdrætti sem snýr að færslu göngustígs í Sundstræti og hins vegar er gerð breyting á greinargerð sem snýr að breytingum á landnotkun í Norðurtanga við enda Sundstrætis, innan reits Í5 á Ísafirði.

Markmið breytingarinnar er að efla göngustígakerfi bæjarins og bæta aðgengi almennings að útivistarsvæðum og áhugaverðum stöðum. Einnig er markmiðið að auka sveigjanleika fyrir uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs á Eyrinni.

#### Ástæður breytingar

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að göngustígur liggji umhverfis Eyrina á Ísafirði. Almennit liggur stígurinn meðfram ströndinni en gert var ráð fyrir að í Sundstræti færðist hann í göturýmið. Með breytingunni er gert ráð fyrir að stígurinn færist úr götunni að ströndinni og liggji milli lóða og sjóvarnargarðs, á svæði Ú17 sem er *opið svæði til sérstakra nota*. Göngustígur við strandlengjuna utan við Fjarðarstræti hefur þegar verið byggður og verður stígurinn í beinu framhaldi af honum. Stígurinn tengir saman hverfin meðfram strandlengjunni og hefur mikið gildi fyrir gangandi vegfarendur. Strandlengjan er mikilvægt útivistarsvæði fyrir íbúa og gesti.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að eldra atvinnuhúsnæði í Norðurtanganum verði nýtt sem íbúðarhúsnæði. Með breytingunni er gert ráð fyrir að heimilt verði að nýta húsnæðið að nýju fyrir hreinlega atvinnustarfsemi s.s. hátækni- og þekkingariðnað auk íbúða. Norðurtanginn er utan hverfisverndarsvæðis.

#### Áhrif

Breyting á legu göngustígsins er í samræmi við markmið aðalskipulagsins um að gönguleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi. Breytingin er einnig í samræmi við áherslu skipulagsins um aðgengi að fjörum og strandsvæðum, t.d. með lagningu göngustíga meðfram sjónum og áningarstöðum við fjöruna. Breytingin er ekki líkleg til að hafa veruleg áhrif á einstaka íbúa enda er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir útivist á umræddu svæði, Ú17.

Breytingin í Norðurtanganum hefur óveruleg áhrif þar sem húsnæðið hefur til þessa verið nýtt undir atvinnustarfsemi.

#### Breyting á uppdrætti

Göngustígur er færður úr Sundstræti að sjónvörnum á svæði Ú17 sem er *opið svæði til sérstakra nota*.

#### Breyting á greinargerð



Breyting er gerð á töflu 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ fyrir svæði Í5.

#### Gildandi aðalskipulag – hluti töflu 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
Í5 – Eyrin, Ísafirði / 8,2 ha.	Endurheimta fyrri hús og þetta byggð. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa innan hverfisverndarsvæðis H8 miðist við hverfisverndarákvæði, sbr. kafla 7.4.4. Slökkvistöðin í Fjarðarstræti flytur inn í Fjörð og svæðið verður skilgreint sem íbúðarsvæði. Verja þarf mannvirki fyrir sjávarflóðum.

#### Breytt aðalskipulag – hluti töflu 7.9. Íbúðarsvæði í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
Í5 – Eyrin, Ísafirði / 8,2 ha.	Endurheimta fyrri hús og þetta byggð. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa innan hverfisverndarsvæðis H8 miðist við hverfisverndarákvæði, sbr. kafla 7.4.4. Slökkvistöðin í Fjarðarstræti flytur inn í Fjörð og svæðið verður skilgreint sem íbúðarsvæði. Verja þarf mannvirki fyrir sjávarflóðum. Heimilt er að nýta eldra atvinnuhúsnæði í Norðurtanga fyrir hreinlega atvinnustarfsemi s.s. hátækni- og þekkingariðnað auk íbúða.



### SKÝRINGAR


- Svæði fyrir íbúðabyggð
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Miðsvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Vötn, ár og sjór
- Hverfisverndarsvæði
- Þjóðminjaverndarsvæði
- Stofnbrautir
- Tengibrautir
- Safnbrautir
- Húsagötur - sýndar til skýringar
- Gönguleiðir
- Fjarskipti í jörð
- Fráveita í jörð
- Hitaveita í jörð
- Rafveita í jörð
- Vatnsveita í jörð
- Sendar

### SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 2. mgr.

36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn

Ísafjarðarbæjar þann 3.12.2020

  
BÆJARSTJÓRN  
ÍSAFJARÐARBÆ

Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 13.04.2021

  
SKIPULAGSSTOFNUN

MKV. 1:10.000/A3 DAGS.: 22. OKT. 2020 VERKFRANG: 16165-008

UNNIÐ AF: EBK RÝNT: ÞRS SAMP: EBK